



Börn á gjafahjólum í Fellaskóla.

# Frístundaheimili fá reiðhjól og hjálma

Vinnusetrið Fjölsmiðjan og Kiwanisklúbburinn Katla hafa fært frístundaheimilum í Breiðholti tuttugu reiðhjól og hjálma að gjöf.

„Þetta var heilmikið verk en mjög skemmtilegt og gaman að geta glatt börnin í frístundaheimilunum svona,“ segir Þorleifur Guðjónsson, deildarstjóri tölvu- og þökkunardeildar hjá Fjölsmiðjunni, vinnusetri fyrir ungt fólk sem stendur á krossgötum. Á mánudag afhenti Fjölsmiðjan frístundaheimilum í Breiðholti tuttugu reiðhjól sem starfsmenn hafa gert upp. Að auki afhenti Kiwanisklúbburinn Katla frístundaheimilunum reiðhjólshjálma fyrir notendur reiðhjólanna.

Í Fjölsmiðjunni gefst fólk tækifæri til að hjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám. Að sögn Þorleifs fékk smiðjan gefins um tvö hundruð reiðhjól frá Vodafone, sem símafyrirtækið hætti við að nota í auglýsingaherferð. „Síðan þá hafa ungmennin sem starfa hjá okkur verið að yfirfara hjólin, pumpa í



Afhending reiðhjólanna og hjálmana fór fram í frístundaheimilinu Vínafelli. Á myndinni eru fulltrúar frá Vínafelli, Fjölsmiðjunni og Kiwanisklúbbnum Kötlu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þau, herða þau upp og koma þeim í stand. Það er mikil vinna fyrir unga fólk og til þess er leikurinn gerður,“ segir Þorleifur.

Hann segir Kiwanisklúbbinn Kötlu hafa komið að máli við sig og boðist til að útvega hjálm fyrir hvert reiðhjól sem Fjölsmiðjan gefur. „Ég er ánægður með samstarfið við Kiwanisklúbbinn og það er nóg af hjólum eftir hjá okkur. Við viljum endilega að þau renni

til góðra verka og áhugasamir mega gjarnan hafa samband við okkur,“ segir Þorleifur.

Það er Miðberg, miðstöð frístundaheimila í Breiðholti, sem fær reiðhjól tuttugu og verða þau notuð í klúbbstarfi átta og níu ára barna. Ljósmyndari Fréttablaðsins tók hús á fyrsta hópnunum sem fékk að prófa nýju hjólin og ekki bar á öðru en krakkarnir væru hæstánægð. - kg

## Menning

Kemur út laugardaginn 24. apríl



Anna Karlotta, dóttir Ursulu og Stefáns, slæst stundum í för með foreldrum sínum í ferðirnar, en hún er sjálfsgangandi „leiðsögumaður“ Íslands, aðeins fjögurra ára.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ný sýn á Reykjavíkurborg

„Okkur langaði að halda áfram sem leiðsögumenn en gera eitthvað sjálf. Þjónusta við ferðamenn á góðu verði var það eina sem okkur fannst vera vit í þegar kreppan skall á. Við ákváðum að þreifa okkur áfram og athuga hvort hjólaferðir um borgina væru eitthvað sem vantaði á markaðinn,“ segir Ursula Spitzbart sem stofnaði ásamt manni sínum Stefáni Helga Valssyni ferðapjónustuna Reykjavík Bike Tours sumaríð 2009. Fyrirtækið býður upp á fríar skoðunarferðir á reiðhjólum um óvenjulega og spennandi staði í miðborginni.

„Okkur langaði að fara með fólk á staði sem eru ekki alveg augljósir. Við förum til dæmis ekki upp að Hallgrímskirkju, heldur nemum staðar við Landakotskirkju í staðinn. En við komum líka við á stöðum eins og Alþingi, Kolaportinu og ýmsum söfnum,“ bendir hún á.

Fyrirmyndina að Reykjavík



Alþingi og nánasta umhverfi er á meðal viðkomustaða Reykjavík Bike Tours.

Bike Tours sækja Ursula og Stefán til Evrópu. Hún segir ferðir sem þessar algengar í mörgum stórborgum erlendis og finnst að Reykjavík ætti ekki að vera undantekning.

Hver túr tekur um tvo klukkutíma og er lagt af stað á hverjum degi frá Ægisgarði við gömlu

höfnina í Reykjavík. Einnig verður boðið upp á miðnæturförðir í júní þegar sólin er lengst á lofti. Ferðir Reykjavík Bike Tours eru ókeypis en frá og með 15. maí næstkomandi munu þær kosta 4.000 krónur á mann. Allar nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins, [www.icelandbike.com](http://www.icelandbike.com).

- sv

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

Bjarni Þór  
• bjarni.thor@365.is  
• sími 512 5471